

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 888/1999 fyrir Háskólann á Akureyri.

1. gr.

2. mgr. 17. gr. orðast svo:

Regluleg skrásetning nýnema fer að jafnaði fram í maimánuði ár hvert. Skráning annarra fer fram á tímabilinu 1. apríl til 30. apríl ár hvert. Skráningu nemenda sem æskja flutnings frá erlendum háskólum skal lokið fyrir 1. maí. Beiðni um skrásetningu nýnema skal fylgja ljósrit eða staðfest afrit af stúdentsprófsskirteini og önnur þau skilríki sem nánar kann að verða kveðið á um af hálfu viðkomandi deildar. Skrásetningargjald nær til heils skólaárs. Þeir nemendur sem fá heimild til þess að hefja nám á vormisseri greiða helming skrásetningargjaldsins. Ár hvert skal háskólaráð ákveða skrásetningargjald í samræmi við lög nr. 40/1999.

2. gr.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri, sbr. reglur nr. 888/1999, um Háskólann á Akureyri, með áorðnum breytingum.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 21. október 2005.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

*Anna Þóra Baldursdóttir,
varaforseti háskólaráðs.*

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005